

Fundur 23.11.2020: Samuel Patay.

Komið þið sælir,

Finnst mér það ómetanlegt að missa ekki tengslin við gömlu jörðina og trúi ég því varla enn að kominn sé ég fram á annari jarðstjörnu en ekki í andlegu sviði.

Hefur sérhver dagur verið mér undrunarefni og er það svo fjölda margt í þekkingar öflun minni í jarðlegu lífi sem var ábótavant, hafði ég þó mikinn fróðleikspörsta og hafði ég gjarnan viljað heyra um þessar kenningar þegar ég lifði.

Tel ég þó það hafa verið gæfu mína að ég hafði áhuga á fræðigreinum sem ekki viðkomu sérfagi mínu. Og vöktu ýmsar greinar um framfarir í stjörnuvísindum áhuga minn. Þótt aðeins hafi ég verið grúskari í þeim efnum.

Aldrei kom fyrir augu mér kenning sú sem hér hefur verið útskýrð og er grundvöllurinn undir þær fjölmörgu furður sem verða fyrir manni í nýju framlífi. Og útskýra það að nýr líkami fæst á nýrri jörðu.

Ekki veit ég hver er reynsla allra annara í þessum kringumstæðum en það hefur verið mér erfiðast að ná taumhaldi á tilfinningum mínum og fyrirgefa. Og komast út úr þeim erfiðu draumförum sem einkenndu fyrstu daga mína á þessri jörð og meðtaka lífið í kringum mig og allt það jákvæða sem það hefur upp á að bjóða.

Hefur mér sífellt betur tekist að verða líkari þeim sama gamla persónuleika sem ég var á jörðunni og gleðjast yfir því góða sem lífið býður upp á. Og tel ég mig hafa tekið rétta ákvörðun og hlotið góða leiðsögn hjá góðu fólki á þessum hnetti.

Mér hefur verið bent á það að taka þessu öllu eins og gefnum hlut en ekki spyrja of margra spurninga fyrst í stað, þar sem svo margt nýtt er þörf á að meðtaka. En þrátt fyrir að ákveðin grundvallar atriði sem ég verði að viðurkenna í tilverunni eins og að himnaríki og helvíti séu á jarðstjörnum en ekki í andlegum heimi.

Þá hef ég fundið sálarró mína á þessum dögum og vikum í minni barnatrú, og hef ég orðið trúaðri á hefðbundinn kristilegan máta hér á nýrri jörð, þar sem ég er nýkominn og hef ég fundið styrk mína í þeim trúarsamkomum.

Þar sem ég sakna mjög fjölskyldunnar á jörðinni og annarra ættingja. En hef ég forðast samneyti við fjölmarga sem hér eru staddir og tala mitt tungumál og tala tungumál annarra þjóða og öðrum þjóðernum sem vilja fara með hernað á hendur þeim ógæfu manna sem leitt hafa þjóðfélag okkar í vanda á jörðunni og eru vaxandi úrlausnar efni víða og sem urðu tilefni til margskonar óþægilegra upplifanna er ég var hingað nýkominn.

Ég vil heldur tala um það fagra og góða sem ég hef upplifað með því að stefna inn á þá braut með því að hjálpa þeim aðilum eins og ég reyndi að gera á jörðinni og trúi ég því að hægt sé að afstýra þeim styrjöldum sem sumir hafa hér í hyggju og draga úr þeim erjum og skæruhernaði sem hér á sér stað.

Og vona ég að ég þurfi ekki að upplifa mikið af slíku. Kom það fyrir núna mjög nýlega að herjum laust saman hér, og í kjölfarið hefur fellibylur herjað hér á borgina. En ekki veit ég hvort þar er tenging á milli. En það hafa sumir sagt að geti verið tenging og nauðsynlegt geti verið að stilla til friðar.

Já það er fjöldamargt á þessari jörð sem ég hef ánægju af og heillast ég mjög af þessum glæsilegu byggingum þar sem þessir fundir eru haldnir stjarnanna á milli og margskonar framliðnir ættingjar mínir og okkar þjóðar koma fram í ljósadýrð í salnum miðjum og tala til okkar og vona ég að áhugi sem flestra á þessu nýja landi vakni til þess að sækja þá fundi og stilla hugann inn á bylgjur kærleikans en ekki ófriðarins.

Eru hér á þessum hnetti eru margar stöður lausar sem mér gætu hentað sem atvinnutækifæri, kennarastöður, til að kenna bæði börnum og fullorðnum sögu og siðfræði og annað sem ég lagði stund á, á jörðinni. Og eru hér þó ýmis ný tungumál sem ég þarf að leggja stund á áður en ég get farið á fullu út á þá braut.

En hygg ég að staða mín hafi nokkuð batnað frá því ég talaði við ykkur síðast og hafi ég öðlast svolítið meiri hugarró og að ég hafi fundið mína köllun í lífinu og mundi ég fylgja henni áfram.

En það vil ég þó segja að það kemur mér á óvart að þegar ég var að kynna mér þessar tvær megin stefnur í lífinu að hermenn nokkrir í úthverfum borgarinnar komu með kenningar sem vakið hafa mig til umhugsunar um það hvort þær séu sannar eða ekki.

Hafa þeir sagt að þeir sem falla í bardaga muni hugsanlega komast til betri staðar og er því margt að íhuga í nýju lífi.

En mér finnst ég vera þreyttur og örmagna, ekki kannske líkamlega en þó meira andlega, því ég er sorgmæddur yfir hvernig er komið fyrir mér og fannst ég ekki tilbúinn að fara og fyllist oft af reiði yfir örlögum mínum og á því erfitt með að halda í það góða í tilverunni og fyrirgefa.

En ég hlakka þó til að takast á við þetta líf og hef ég áhyggjur af því að annars staðar á hnettinum berast fréttir af því að herskáir múslímar eyðileggi slík samkomuhús sem hér er talað um.

Heiti ég Samúel Patay og þakka ég fyrir gott hljóð. Tel ég þjóð ykkar mun merkilegri en ég gerði mér grein fyrir í jarðlífinu og er það heiður að komast í samband við ykkar fund og hef ég aðeins komist í samband við andartrúar menn annarstaðar á jörðinni enn sem komið er.

*Ég vil óska þér alls hins besta. Þakka þér fyrir.*

*Má ég spyrja þig að einu?*

Já.

*Er hnöttur þinn undir hælnum á búálfinum hans Abrahams?*

Já ha, ha, það má kannski segja það já, já það má kannski orða það þannig, það er eitthvað svoleiðis sem er hér í gangi já, á vís eftir að kynna mér það, en það er víst hægt að segja það.

*Það er fínnt farið í það sko.*

Já, já, ég tel nú að maður eigi ekki að gefast upp fyrir trúnni á hið góða, þótt að menn láti blekkjast af því sem mætti kallast fornaskju siðfræði. Er ekki rétt að orða það þannig?

Jú.

Já, en þið skynjið að þetta er erfitt fyrir mig og fyrir marga sem eru hér.

Ég vil gjarnan svara einni spurningu ef einhver er með.

*Ert þú laus við þessar slæmu draumfarir?*

Já það er gott að svara því, Ég vil segja að það stefnir allt í rétta átt og það er allt annað en það sem var.

Ég hef ekki áhyggjur að það verði mikið vandamál. Það er mér kært að segja frá því að það er komast í betra lag.

*Bendir það ekki til þess að þú hafir lent í góðum samböndum sem hafa hjálpað þér að komast áfram?*

Já það er fullt að góðu fólki á þessum stað og það eru margir hópar.

Það er hér þjóð sem er næstum útdauð sem talar okkar forna, talar furðulegt afbrygði af frönsku og trúir á Keltnesku goðin.

Ég vil gjarnan segja frá því síðar og mig hefur dreymt foreldra mína.

Já það er hér eins og þú segir mikil hjálp, þótt að andstreymið sé talsvert.

Það er ekki auðvelt að halda áfram, ég verð að kveðja að sinni, verið þið sælir.